

Nd.

II. Frumvarp

til laga um sölu á kirkjujörðinni Upsum í Svarfdælahreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Svarfdælahreppi kirkjujörðina Upsir í Svarfaðardal, með þeim gögnum og gæðum, er þeirri jörð fylgja.

2. gr.

Jörðina má selja fyrir það verð, er dómkvaddir óvilhallir menn meta. Ríkisstjórnin kveður á um alla söluskilmála.

A s t æ ð u r.

Á síðastliðnu ári barst hreppsnefndinni í Svarfdælahreppi áskorun um það frá þorpsbúum í Dalvík, að hún útvegaði þeim, eða hlutaðist til um að þeir gætu fengið, móland og beitoland, sem þorpið vantaði mjög tilfinnanlega, og yrði þar af leiðandi að sæta mjög óaðgengilegum kjörum með hvorttveggja og af svo skorum skamti, að til mestu vandræða horfði fyrir þorpsbúa.

Hreppsnefndin álitur áskorunina á fullum rökum bygða og að brýna nauðsyn beri til þess að úr sje bætt, ef kostur er á, og telur, að best verði ráðin bót á þessu með því að kaupa jörð, er hafi bæði þessi skilyrði að bjóða.

Nú er svo ástatt, að ekki er um aðra nærliggjandi jörð að ræða, sem að miklu leyti mundi fullnægja þessari þörf, en Upsir, sem er kirkjueign, og hefir hreppsnefndin komist að samningum við ábúandann um kauparjettinn, enda býst hann við að láta af búskap mjög bráðlega.